# *„Alls staðar er fallegt umhverfi og bærinn iðandi af brosandi mannlífi“*

# Af framtíðardraumum í fámennum byggðum

Byggðaráðstefna, Stykkishólmi
16. – 17. október 2018

Sigurborg Kr. Hannesdóttir ILDI

ildi

# Spurningin

- Hver eru skilaboð þátttakenda á íbúaþingum í fámennum byggðarlögum um umhverfismál?



# Erindið

- Skilaboð um umhverfismál á íbúaþingum í 8 byggðarlögum
  - Náttúran
  - Þorpin
  - Atvinnulífið
- Forgangsröðun – umhverfismál
- Ályktanir



# Byggðarlögin

- Árneshreppur
- Borgarfjörður eystri
- Grímsey
- Súðavíkurhreppur
- Vesturbyggð / Patreksfjörður
- Vopnafjarðarheppur
- Þingeyri
- Öxarfjörður



ildi



# Samhljómur

# Íbúaþingin

- Tveggja daga þing
- Fundaform: Open Space
- Þátttakendur stinga upp á umræðuefnum
- Málefni rædd í hópum
- Ferðalag inn í framtíðina
- Forgangsröðun málefna



# Gögnin

- Ferðalag inn í framtíðina á íbúaþingum
  - 2 x 10 ár
  - 1 x 13 ár
  - 5 x 20 ár
- Nokkrir punktar úr einstökum umræðuhópum
- Forgangsröðun



ildi

# Samantektin

- Skilaboð um umhverfi, auðlindir og ásýnd
- Eigindleg úrvinnsla
- Endurspeglar aðeins sjónarmið þeirra sem tóku þátt



# Náttúran

Upplifunin og auðlindirnar

# Fegurðin

- *„Náttúrufegurð svæðisins nýtur sín, hafið, fjöllin, fuglarnir og kyrrðin.“*

- *„Náttúran er frábær allt í kringum þorpið, allur hreppurinn okkar er mjög fallegur og einstakur. Okkur finnst að það eigi að fara vel með náttúruna í öllum hreppnum.“*



# Verðmætin

- *„Vitund fólks um auðæfi náttúrunnar hefur vaxið og úrgangur minnkað.  Allt er hreint og snyrtilegt og fyrirtækin eru umhverfisvæn. Almennt ríkir virðing fyrir umhverfinu og náunganum.“*
- *“Jarðhiti er nýttur í margvíslegum tilgangi og sjálfbær framleiðslustarfsemi byggir á náttúruauðlindum svæðisins.“*
- *„Það er mikil orka í vatnsföllum í Djúpinu.“*



ildi

# Þorpin

Manngerða umhverfið

# Ásýndin

- „Allir eru samstíga í því að leggja metnað í umhverfi og ásýnd.  Bærinn er snyrtilegur og fallegur og vel hirtur gróður skapar fallegan og vinalegan bæ.“
- “Götur og gangstéttar eru í góðu ásigkomulagi“
- „Svæðið er skógi vaxið, ræktun undanfarinna ára hefur skilað árangri“




ildi

# Byggingarnar

- *"Þess hefur verið gætt að byggja fallega og halda í sögu staðarins"*
- *„Kominn er vatnsgarður, byggður að mestu úr náttúrulegum efnum, úr grjóti og torfi."*
- *„Húsin eru litrík."*
- *„Gömul hús hafa verið gerð upp og eru til prýði."*




ildi

# Stefnan

- *„Þetta er umhverfisvænt sveitarfélag og í fararbroddi á Íslandi."*
- *„Umhverfisstefna var samþykkt í bæjarstjórn árið 2024 og er unnið eftir henni."*
- *„Þessi áhersla á umhverfismál hefur skilað því að bærinn var valinn snyrtilegasti bær landsins."*



ildi

# Mannlífið

- „Hér er sól og birta, börn að leik, friðsæld, fegurð, ánægt fólk, gleði, hamingja og líf.“
- „Götulífið fullt af glöðum börnum með gjarðir og prik.“



# Atvinnulífið

Hefðbundnar greinar og nýsköpun

# Það hefðbundna

- Landbúnaður
  - *„Sauðfjárræktin er í blóma, þrátt fyrir að búum hafi eitthvað fækkað.“*
- Sjávarútvegur
  - *„Sjávarútvegurinn er öflugur og hafnirnar fullar af fiskiskipum, stórum sem smáum og gámaskip koma og fara.“*



ildi

# Ferðaþjónustan

- *„Sátt og jafnvægi ríkir milli uppbyggingar ferðaþjónustu og umgengni um náttúruna.“*
- *„Ferðaþjónusta hefur vaxið jafnt og þétt og byggir á sérstöðu svæðisins í náttúru, sögu og mannlífi.“*
- *„Við höfum borið gæfu til að varðveita fortíðina og náttúruna, jafnframt réttri skipulagningu og markaðssetningu svæðisins í ferðaþjónustu án yfirgangs og eyðileggingar.“*
- Gönguparadís, fuglaskoðun



ildi

# Stóru lausnirnar

- Fiskeldi
  - *„Fiskeldi er orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum svæðisins.“*
  - *„Jákvæðni gagnvart því að reyna að nýta þau tækifæri í tengslum við sjókvíaeldi. En mikilvægt að fara varlega og gæta að neikvæðum áhrifum.“*
- Þörungavinnsla
  - *„Þörungaframleiðsla, til matvæla- eða iðnaðar.“*



# Smáu lausnirnar

- *„Bláberjavínsverksmiðja.“*
- *„Íslenskar jurtir notaðar í framleiðslu á kremum, olíum og öðrum heilsutengdum snyrtivörum.“*
- *„Smáfyrirtæki blómstra.“*




ildi

# Forgangsröðunin

Umhverfismálin og öll hin stóru málin

# Fyrirkomulagið

- Hver þátttakandi fær 10 límmiðapunkta til að útdeila á málaflokka.



| SÆTI | AF | MÁLEFNI |
| --- | --- | --- |
| **5** | 20 | Umhverfismál |
| **8** | 15 | Umhverfismál |
| **8** | 20 | Langtímastefna og sjálfbærni |
| **8** | 22 | Ásýnd, umhverfi, markaðssetning og umfjöllun |
| **11** | 20 | Útlit og gróðurfar |
| **8** | 23 | Hafnar- og ruslasvæði |
| **16** | 19 | Flokkum “rusl” |
| **13** | 13 | Lífrænt vottað fé |

# Vægið

# Aðalatriðin

- Atvinna
- Samgöngur
- Fjarskipti
- Húsnæði
- Grunnþjónusta




ildi

# Ályktanirnar

Vangaveltur


5.Sjálfsbirtingar
-þörf
4. Sjálfsöryggisþörf
3. Ást og félagsleg þörf
2. Öryggisþörf
1. Lífeðlisleg þörf

# Þarfirnar

# Ágreiningsmálin

- Stóru lausnirnar geta orðið átakapunktar.
- Því erfiðari staða, þess meira er horft til stórra lausna.
- Fengur í því að taka umræðuna.
- Óskandi að hægt væri bæði að éta kökuna og eiga hana.




ildi

# Ásýndin fyrrum

- Grundarfjörður 1960
  - Ljósm. Bæring Cecilsson



# Ásýndin nú

- Hafnarfjörður 2018






ildi

# Skrefin

- Patreksfjörður 2017



# Niðurstöðurnar

- Ásýndin er mikilvæg!
- Hægt að gera ýmislegt án þess að það kosti mikið.
- Skipulag er leið til að ná fram markmiðum.
- Hafa íbúa með í ráðum í uppbyggingu.
- Hvað með þá hamingju sem kemur innan frá?



ildi

# Kveðjan

- *„Það er mannlíf á götunum og allir aldurshópar eru sýnilegir. Fólk er gangandi, sumir á leið úr og í vinnu. Fólk heilsast og spjallar og er vingjarnlegt. Það er líf og fjör á miðplássinu. Sól skín í heiði og það er bjart yfir, ríkir jákvæðni og gleði, sátt og samlyndi, ekkert stress og enginn er einmana."*

Seyðisfjörður



ildi